



2014-2018

Grundvallaratriði

Almennt má segja að forsendur afreksstarfs Blaksambands Íslands markist af tveimur forsendum; Þáttur félaga í þjálfunarferli sem á sér stað áður en leikmenn eru valdir í landslið og hin beina þjálfun á vegum sambandsins.

Samband Blaksambands Íslands og félaganna er háð þeim forsendum að grunnþjálfunin fari fram hjá félögunum og í landsliðum BLÍ á undirbúningstímabili hjá landsliðsþjálfurum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að íþróttakerfið gerir almennt ráð fyrir því að grunnþjálfun leikmanna í boltagreinum fari fram hjá félögunum enda er það í samræmi við eðli íþróttastarfsins, þ.e. að félögin sinni grunnþjálfun og hafi innan sinna vébanda þá leikmenn sem eðli málsins samkvæmt hafa gengið í gegnum það ferli sem þarf til þess að leikmenn séu frambærilegir í landslið. Með ofangreint að leiðarljósi þá er það skýrt að ábyrgð á þjálfun leikmanna er í höndum félagsliða og þjálfara þeirra. Það skiptir þá miklu máli að menntun og færni viðkomandi þjálfara sé til staðar enda hvílir forsenda afreksstarfsins að miklu leiti á þeirra herðum við að búa í haginn fyrir framtíðina.

Til þess að auka við færni þjálfara eru haldin námskeið sem landsliðsþjálfarar setja upp. Landsliðsþjálfarar eru sendir í heimsóknir til félaganna inn á æfingar til þess að leiðbeina þjálfurum hvernig á að þjálfra viss tækniatriði leiksins sem hjálpa til þegar á heildina er litið. Þannig eflir Blaksambandið starf afreksstarf í félögum.

Þjálfunartímabil A-landsliðanna er mismunandi eftir verkefnum hverju sinni. Reynt er að miða við þjálfunartímabil frá desember til júlí ár hvert og þjálfunartímabil unglíngalandsliðanna er frá maí – nóvember ár hvert. Þó fer þjálfunartímabil mikið eftir þeim verkefnum sem eru áætluð á hverju ári.

Landsliðsþjálfarar velja stærð leikmannahópsins hverju sinni og getur sá fjöldi verið frá 16-20 manns á undirbúningstímanum en rétt er að geta þess að einungis eru 12-14 leikmenn valdir í lið hverju sinni. Landsliðsþjálfarar eru ábyrgir fyrir þjálfun liðanna og þjálfunaraðferðum sínum gagnvart stjórn sambandsins og landsliðsnefnd.

Blaksamband Íslands hefur haldið úti 6-10 landsliðum á undanförunum árum.

Ár	Fjöldi liða	Landslið
2005	5	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, A lið kk í strandblaki
2006	5	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kvk
2007	8	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk, A lið kk/kvk í strandblaki
2008	6	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk
2009	8	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk, A lið kk/kvk í strandblaki
2010	8	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk, A lið kk/kvk í strandblaki
2011	8	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk, A lið kk/kvk í strandblaki
2012	8	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk, U19lið kk/kvk í strandblaki
2013	10	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk í strandblaki, A lið kk/kvk í strandblaki.
2014	9	A lið kk/kvk, U17 lið kk/kvk, U19 lið kk/kvk, U20 lið kvk í strandblaki, A lið kk/kvk í strandblaki.



A-landsliðin hafa verið að taka þátt í EM smáþjóða undanfarin ár og svo Smáþjóðaleikunum. Á árinu 2013 tóku A landsliðin þátt í fyrsta sinn í undankeppni HM í blaki og eru nú formlega komin á heimslistann í blaki, karlaliðið í 121. sæti og kvennaliðið í 101. sæti þann 13. október 2014.

Unglingalandsliðin taka þátt í Norðurlandamótum unglunga á hverju ári og náðist mjög góður árangur hjá U19 kvk á árunum 2011 og 2012 en þá lentu liðin í 3. sæti bæði árin. Undanfarin tvö ár hafa liðin ekki náð eins góðum árangri.

Bæði A landslið karla og kvenna náðu góðum árangri á Smáþjóðaleikunum á Kýpur árið 2009, bæði lið í 3. sæti. A landslið kvenna fékk einnig Háttvísi verðlaun á leikunum fyrir þrúðmannlega framkomu í keppni og utan keppni og sannanlega virðuleg verðlaun fyrir heilt lið í hópíþrótt.

A landslið karla átti góðu gengi að fagna í úrslitum Evrópumóts smáþjóða í Luxembourg í lok júní 2009. Liðið lenti í 3. sæti keppninnar og voru tveir leikmenn liðsins valdir í lið mótsins, Valur Guðjón Valsson sem besti uppgjafarinn og Hafsteinn Valdimarsson sem bestur í hávörn.

Árangur hefur staðið á sér í þessum keppnum síðustu þrjú ár. Við höfum ekki komist upp úr undankeppnum EM smáþjóða með hvorugt lið og við höfum ekki náð í verðlaunasæti á Smáþjóðaleikum síðan 2009.

Almennt markmið

Landsliðsnefnd er 5 manna nefnd með skipaða fulltrúa frá stjórn BLÍ og úr hreyfingunni, aðilum sem hafa komið að landsliðunum sjálfum undanfarin ár. Undir landsliðsnefnd BLÍ heyrir unglíngalandsliðsráð sem sér um málefni unglíngalandsliðanna. Hin almennu markmið BLÍ fyrir öll landslið eru að efla starfið í kringum liðin, fjölga landsliðum og bæta árangur landsliða í blaki.

Þátttaka unglínginga er mikilvægur þáttur í afreksstarfinu og hefur BLÍ sett upp afreksbúðir fyrir unglínginga tvisvar á árinu 2014. Stefnt er að því að halda þeim fjölda afreksbúða í framtíðinni með það að markmiði að sem flestir unglíngingar fái tækifæri til að fá innsýn í afreksþjálfun.

Fjárhagslega er stefnt að því að leikmenn þurfi ekki að borga með sér í ferðir landsliðanna. Markmiðið er að fá fleiri styrktaraðila til að styrkja landsliðin beint og halda fjárhagnum aðskildum frá rekstri sambandsins.

Markmið landsliðsnefndar

- Að A landsliðin leiki a.m.k. 8-12 leiki á ári með áframhaldandi þátttöku í EM smáþjóða og komast inn í stærri keppnir á borð við EM og HM í blaki.



- Að skapa gott þjálfarateymi fyrir landsliðin sem vinna að framtíðarmarkmiðum. Undirbúningur landsliðanna yrði markvissari með teymi sem vinnur að öllum þáttum er snúa að landsliðunum.
- Að fagteymi komi að öllu okkar landsliðsstarfi, sjúkraþjálfari með hverju liði, læknir á skrá hjá BLÍ, næringarfræðingur með fræðslu og sálfræðingur verði hluti af fagteymi.
- Að halda uppbyggingu áfram og koma landsliðsmálum í góðan farveg í framtíðinni.
- **Skammtíamarkmið:**
 - Ná verðlaunasætum á Smáþjóðaleikum
 - Ná verðlaunasæti í úrslitum EM smáþjóða
 - Fá heimsóknir frá erlendum liðum sem þátt í undirbúningi landsliðanna.

Mikil uppbygging landsliðanna hefur átt sér stað á undanförunum árum og hefur það skilað sér í árangri að mati nefndarinnar. Búið er að ráða gott þjálfarateymi sem býr til afrekshópa ár hvert og vinnur með allt árið.

Markmiðin með áframhaldandi þátttöku landsliða sambandsins eru skýr. Þess er krafist að BLÍ haldi úti afreksstarfi, og sérstaklega með unglíngalandsliðin og búi þannig vel í hag fyrir framtíðar leikmenn A landsliðanna. Stefnt er á að fjölga verkefnum á undirbúningstímabili fyrir stórmót, fá æfingaleiki hingað heim og erlendis fyrir stórmót og taka svo þátt í Smáþjóðaleikum 2015 og úrslitum EM smáþjóða 2017 og ná verðlaunasæti í þessum keppnum. Þá gefst liðunum tækifæri til þess að komast á hærra stig Evrópukeppni landsliða og leika um sæti í riðlakeppni EM 2016-2017. Áfram er stefnt á að taka þátt í EM smáþjóða og Smáþjóðaleikum með A liðin og Norður-Evrópu mót með U19 og U17 liðin. Hugsanleg meiri þátttaka með unglíngalandsliðin í blaki væru EM Smáþjóða unglínglinga (U19 kvk og U20 kk).

Markmið unglíngalandsliðsráðs

- Að halda áfram verkefnum fyrir unglíngalandsliðin
- Halda úti fjórum liðum á tímabilinu.
- Að stefna á eitt af þremur efstu sætunum á Norðurlandamótum sem farið er í á hverju ári.

Stefnan með unglíngalandsliðin er að safna saman þeim leikmönnum sem síðar koma til með að mynda leikmannahópa A-landsliðanna. Unglíngalandsliðin munu taka þátt í Norðurlandamótum unglínglinga U17 og U19 þar sem markmiðið er að leikmenn taki út þroska og kynnist því að taka þátt í keppni á erlendri grundu. Markmiðið er alltaf að ná einu af þremur efstu sætunum í þessum keppnum. Það að vera í unglíngalandsliði Íslands í blaki er góður skóli undir frekari framfarir og getu í íþróttinni til lengri tíma lítið enda geta leikmenn verið allt að fjögur ár í unglíngalandsliðum áður en þeir komast á aldur. Fjöldi leikja er á bilinu 4-8 á ári hverju. Þjálfararáðningar hjá unglíngalandsliðunum eru á hverju ári og yfirleitt eru ráðnir tveir þjálfarar fyrir hvort lið sem halda síðan utan um sína hópa í ferðum. Áfram er stefnt að þessu og nýta þannig hagræðingu í fararstjórn.

Lokamarkmið þessa áfanga árið 2018

- Að virk landslið verði 6
- A-landslið kvenna verði komið einum styrkleikaflokki ofar en nú.
- A-landslið karla verði komið einum styrkleikaflokki ofar en nú.
- Að leikir A-landsliða verði 12-14



- Að verkefni fyrir U-liðin verði a.m.k. tvö á ári, eitt að vori og eitt að hausti, þ.a.l. 8-10 leikir á ári í stað 4-8 leikja nú.



Aðstaða

Til þess að allt gangi vel fyrir sig í undirbúningi fyrir landslið þurfa boðleiðir og samskipti vegna æfinga og aðstöðu til æfinga að vera góðar. BLÍ hefur samband við aðildarfélög um æfingahúsnæði hverju sinni og er skipulagt vel fram í tímann. Flest héraðssambönd og félög styrkja sérsamböndin um æfingatíma í íþróttahúsum og það er von okkar að það verði áfram. Þó hefur borið á því að þetta er ekki gefins. Aðstaðan í Reykjavík er léleg og hafa því æfingar landsliðanna verið oftast í Garðabæ, Kópavogi og í Mosfellsbæ.

Um annan búnað: BLÍ á blakbolta til að nota á æfingum landsliðanna, sem og boltagrindur, sjúkratöskur og fleira sem þarf til. BLÍ er í stöðugri endurnýjun með búninga en stjórn hefur ákveðið að skipta alveg um birgja. Góðir samningar við Mizuno náðust með kaup á búningum og búnaði fyrir landsliðið haustið 2014 og verða landsliðin í búningum frá þeim strax á árinu 2015.

Kostnaður pr. Ár.

Kostnaðaráætlun afreksstarfs í landsliðum hljómar upp á um 20-25 milljónir á ári.

F. h. Landsliðsnefndar BLÍ

Sævar Már Guðmundsson
Framkvæmdastjóri BLÍ